

GJALDSKRÁ

fyrir dýralækna

Viðtöl, almennar rannsóknir og aðgerðir

I. KAFLI

A.	1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing	ekkert gjald
	2. Viðtal í síma	ekkert gjald
B.	Lyfseðill	72,36
C.	Smærri aðgerðir	72,36
	T.d. Venjuleg skoðun á grip og ráðlegging Lyfjum dælt í hold eða jógur	
	Einföld skoðun á holti	
	Einföld ástunga á útvortis ígerð	
	Skoðun á jógri	
	Aldursákvörðun á hesti	
D.	Minni háttar aðgerðir	134,16
	T.d. Gert að smásári án sauma	
	Lyfjum dælt í æð eða kviðarhol	
	Skoluð skeið, þarmagangur eða magi	
	Tekin flís úr holdi eða aðskotahlutur úr opum líkamans	
	Skaftin sár og fistlar	
	Búið um beinbrot, minni dýr	
	Sorfnar tennur	
	Notkun magaslöngu	
	Stungið á kýli	
	Einfaldur uppskurður á spena	
	Stífla losuð úr vélinda	
	Kýr loftdæld við doða	
	Lagað skeiðarsig	
	Tálguð naglastunga eða stig	
E.	Meiri háttar aðgerðir	248,52
	T.d. Gripur lagður með felliböndum og hann svæfður eða deyfður	
	Sprengdur klaufarhófur	
	Fjarlægð stór útvortis æxli	
	Skorið til steins eða aðskoðahluta í þvagrás eða vélinda	
	Búið um meiriháttar sár með saumi	
F.	Miklar aðgerðir	samkomulag
	T.d. Holskurður	
	Opnun á kinnarholum og ennisholum stórgripa	
	Aflimanir	
	Skorin burt strengur úr hesti	
	Tannúrdráttur (stórgripir) (trepanationir)	
	Miklir uppskurðir á hóf og klaufum stórgripa	
G.	Lágmarksgjald (útkall og tímagjald)	

II. KAFLI

Sérstakar aðgerðir.

A. Geldingar:	
1. Hestur 3ja vetra eða yngri	362,10
2. Hestur 4ra vetra og eldri	521,12
3. Hrútur og naut	141,87
4. Hundur og göltur	260,83
5. Smágrís	72,36
6. Köttur og pokagrís	130,40
B. Burðarhjálp:	
1. Stórgripir	328,86
2. Stórgripir, fóstur limað	618,87
3. Leg sett inn, kýr, gylta	521,76
4. Leg sett inn, kind	260,83
5. Legsnuðra	439,04
6. Legsnuðra, ær	178,73
7. Fæðingarhjálp, ær	141,87
8. Fæðingarhjálp, gylta	231,91
9. Fæðingarhjálp, smærri dýr	246,26
10. Teknar hildir	491,89
C. Aðgerðir gegn ófrjósemi:	
1. Aðgerðir gegnum endaparm, fagrannsókn, fyrstu tvær	120,12
2. Aðgerðir gegnum fæðingarveg	210,13
3. Sæðing stórgripa	180,05
4. Sæðing loðdýra, hver læða	206,80
5. Sæðistaka, loðdýr, hvert dýr	331,27
D. Bólusetningar:	
1. Garnaveiki (yfir 30 dýr, hálf gjald)	69,11
2. Gegn snýkjudýrum (yfir 50 dýr, hálf gjald)	37,76

III. KAFLI

Vottorð, sérstök próf, rannsóknir og taka sýnishorna

A.	
1. Heilbrigðisvottorð	138,39
2. Skoðun og heilbrigðisvottorð	235,41
3. Vottorð vegna váttrygginar eða réttarhalda	811,67
B.	
1. Berklapróf, fyrstu þrír gripir	83,64
2. Blóðsýni:	
a) Stórgripir, fyrstu þrír stórgripir	55,69
b) Sauðfé, fyrstu þrjár kindur	40,08
c) Agglutinationspróf á alifuglum	8,21
3. Rannsókn á sýni	207,66
a) Krufning stórgripa	393,22
b) Krufning smærri dýra	166,11

4.	a)	Skoðun á kynbótahrossum og vottorð vegna útflutnings	811,78
	b)	Ítarleg skoðun hrossa vegna viðskipta ásamt vottorði:	
	i.	fyrstu þrjú, kr/stk	313,09
	ii.	fleiri en þrjú, kr/stk.	235,41
	c)	Eftirlit við útskipun, reiðhross og sláturhross	55,69

IV. KAFLI

Heilbrigðisskoðun á kjöti

A.	Sauðfé	3,29
B.	Kálfar	24,89
C.	Nautgripir, hross og svín	49,78

V. KAFLI

Ferðakostnaður

1.	Útkall	119,06
2.	Tímagjald á ferðalögum	420,12
	Almennt skal miða tímagjald við eftirfarandi, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi, t.d. ófærð o.þ.h.	
	a)	Styttir vitjanir, innan við 20 km akstur aðra leiðina; þá skal aðeins taka eitt tímagjald.
	b)	Meðalvitjanir, 20 til 39 km akstur aðra leiðina; þá skal aðeins taka tvö tímagjöld.
	c)	Lengri vitjanir; fjöldi tímagjalda ræðst af lengd ferðar. Tímagjald á ferðalögum skiptist á vitjanir, sé um fleiri en eina að ræða í sömu ferð.

VI. KAFLI

Eftirlit

1.	Eftirlit með hreinlæti í mjólkurframleiðslu	
	a)	Á kú 52,14
	b)	Með sýnatöku 80,25
2.	Eftirlit með hreinlæti í sláturhúsum/ eða tímakaup BHMR	1 196,64
3.	Eftirlit með garnaveikibólusetningu, sauðfjárböðun og hunda-hreinsun pr. hrepp	3 304,27
4.	Eftirlit með sæðingarstöðvum á ári	9 416,20
5.	Eftirlit með fiskeldisstöðvum	9 409,57
	a)	Smærri seiðaeldisstöðvar 4 704,78
	b)	Sýnataka úr eldisfiski 37,44
	c)	Sóttgreinsun hroga pr. lítra 29,86
	d)	Tímagjald 408,20

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði

- Nú er einhver aðgerð eða rannsókn eigi á færi héraðsdýralæknis, eða hann getur eigi framkvæmt hana einsamall, og fær því annan dýralækni eða rannsóknarstofnun til að leysa hana af hendi eða veita nauðsynlega aðstoð, og ber þá að greiða héraðsdýralækni kostnað þann, er hann hefur af útvegum aðstoðarinnar.

2. Fyrir endurteknar aðgerðir eða rannsóknir á sama sjúklingi komi hálf t. gjald, nema annað sé sérstaklega tilgreint.
3. Nú eru tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gjald fyrir eina aðgerðina (þá, sem hæst er metin), en hálf t. gjald fyrir hinar.
4. Nú þykir héraðsdýralækni eða heilbrigðisstjórn vegna smithættu ástæða til þess að rannsaka fleiri gripi á sama heimili eða í nágrenni þess og gera varúðarráðstafanir til að hindra útbreiðslu næmra sjúkdóma. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir taka greiðslu fyrir störf sín af opinberu fé, samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár.
5. Ef dýralæknir þarf að annast heilbrigðisskoðun á kjöti, ber sláturhúsi því, er hann annast kjötskoðun fyrir, að sjá honum fyrir fæði og greiðum farkosti eða greiða dýralækninum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur. Sláturhús skal sjá dýralækni fyrir hæfilegri aðstoð við merkingu kjötsins, ef þess er óskað.
6. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá heimili hans, sem unnt er. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur, ber þeim aðila eða aðilum, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, þ.m.t. akstur á eigin bifreið, enda haldi þeir akstursdagbók skv. reglum ferðakostnaðarnefndar. Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypis fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það, svo og annan útlagðan kostnað, t.d. símakostnað.
7. Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar, skv. akstursbók sbr. 6. tl.
8. Vitjunum, er berast fyrir kl. 14.00 virka daga, skal sinnt í dagvinnu. Á aðrar vitjanir skal reiknað 60% álag, enda sé ekki gerlegt að sinna þeim innan reglulegra dagvinnumarka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 77 1. október 1981 um dýralækna og öðlast gildi 1. júní 1989. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 36 22. janúar 1988.

Landbúnaðarráðuneytið 31. maí 1989.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Guðmunda Ögmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí til og með 30. september 1989 skal ekki greiða sérstakt gjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1988 af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 16. mars 1988 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 187, 12. apríl 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1989.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.